

Úr grunn- í framhaldsskóla í Garðabæ

Verkferlar við útskrift nemenda úr grunnskóla og inngöngu í framhaldsskóla

Unglingastigsskólar í Garðabæ og Fjölbrautaskólinn í Garðabæ fylgja ákveðnu verkferli þegar nemendur útskrifast úr 10. bekk og hefja nám í framhaldsskóla. Verkferlar eru þróaðir í samstarfi stjórnenda og námsráðgjafa skólanna og byggja á Aðalnámskrá grunnskóla (2011, 15. kafla), Aðalnámskrá framhaldsskóla (2011, 13. kafla) og ákvæðum í reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla og reglugerð nr. 230/2012 um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum.

Helstu markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga eru að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms. Einnig er markmiðið að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara, námi nemenda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga.

(Aðalnámskrá grunnskóla, 2011)

Verkferli skólanna er metið reglulega og er birt í starfsáætlun hvers skóla.

Byrjað er að undirbúa nemendur undir val á framhaldsskólum í 8. og 9. bekk með náms- og starfsráðgjöf og markvisst er bætt við kynningum og leiðbeiningum þar til nemandinn er kominn af stað með námið í framhaldsskólanum. Tímasetningar viðburða taka mið af tilmælum og leiðbeiningum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og samstarfsneti náms- og starfsráðgjafa. Í hverjum skóla er tengiliður sem heldur utan um ferlið og samskipti við hina skólana.

Ferill kynninga og miðlunar upplýsinga vegna flutnings og innritunar nemenda úr grunnskóla í framhaldsskóla er þeim hætti sem tilgreindur er í þessu skjali.

A. Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar í hverjum grunnskóla halda utan um upplýsingaflæði milli framhaldsskóla og nemenda grunnskólanna og forráðamanna þeirra. Jafnt og þétt upplýsingastreymi til forráðamanna reynist vel og þeir sem þurfa meiri upplýsingar eru hvattir til að hafa samband og fá viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa.

Kynningar til nemenda

Nemendur í 8. bekk. Fyrstu skref í að hugsa um nám og störf í gegnum umræður og leik, hugsun um framtíðina og ákvarðanatöku.

Nemendur í 9. bekk fá kynningar frá náms- og starfsráðgjöfum á námsframboði framhaldsskólanna. Kynningar á störfum í gegnum leiki og umræður. Hugsun um framtíðina og ákvarðanatöku.

Nemendur í 10. bekk fá ítarlega kynningu frá náms- og starfsráðgjöfum, námsframboði framhaldsskólanna og inntökuskilyrðum. Einnig fá nemendur kynningu á mismunandi námi s.s. iðn- og tækninámi, styttri námsbrautum, stúdentsprófi, bekkjarkerfi, fjölbrautarkerfi, uppbyggingu náms o.fl. Kynningar eru með ýmsu móti jafnt með glærukynningum og umræðum eða heimsóknnum frá utanaðkomandi fagaðilum.

Nemendur fá leiðbeiningar um innritunarferli framhaldsskólanna og aðrar hagnýtar upplýsingar um það ferli. Grunnskólar þiggja heimsóknir frá framhaldsskólum og aðilum úr atvinnulífinu eins og kostur er.

Framhaldsskólar halda „opin hús“ á hverri vorönn og eru forráðamenn hvattir til að nýta sér þessar heimsóknir með börnum sínum. Námsráðgjafar sjá um að koma öllum upplýsingum um opin hús framhaldsskólanna á heimasíður skólans og minna á í tölvupósti til forráðamanna nemenda í 10. bekk hvaða framhaldsskólar eru með kynningar hverju sinni.

Nemendum á unglingastigi er boðið á framhaldsskólakynningu sem haldin er í Kórnum í Kópavogi annað hvert ár samhliða Íslandsmóti iðn- og verkgreina.

Kynningar til foreldra

Náms- og starfsráðgjafar senda upplýsingar til forráðamanna varðandi innritun nemenda í framhaldsskóla og/eða boða forráðamenn á upplýsingafund í skólanum. Einnig er vísað á heimasíður framhaldsskólanna þar sem inntökuskilyrði er að finna og upplýsingabæklinga frá Námsmatsstofnun og Menntamálaráðuneytinu um námsframboð framhaldsskólanna sem er að finna á síðunni www.menntagatt.is.

Forráðamenn eru hvattir til að fara með börnum sínum á opin hús sem framhaldsskólarnir standa fyrir á vorönn. Forráðamenn fá sendan tölvupóst reglulega til að minna á opnu húsin. Forráðamenn eru hvattir til að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa varðandi ráðgjöf til nemenda og boðið er upp á viðtöl ef þurfa þykir.

Áhugasviðskönnun

Öllum nemendum í 10. bekk er boðið að taka áhugasviðskönnunina *Bendill 1*. Nemendur þurfa sjálfir að greiða fyrir þátttökulykla. Nemendur fá í kjölfarið einstaklingsviðtal um niðurstöður. *Bendill 1* tekur mið af því vali sem nemendur í 10. bekk standa frammi fyrir á mörkum skólastiga. Niðurstöður eru settar fram á myndrænan hátt og verður unnið með úrlausnir með hverjum og einum nemanda. Rannsóknir sýna að einstaklingar sem taka vel upplýsta ákvörðun um nám eða starf byggða á áhugasviði þeirra eru líklegri til að ná góðum árangri í því sem þeir taka sér fyrir hendur.

Persónuleg ráðgjöf og námslokaviðtöl

Náms- og starfsráðgjafar miðla reglulega upplýsingum til nemenda um nám/störf að loknum grunnskóla og hafa nemendur greiðan aðgang að námsráðgjöfum til að ræða hugmyndir sínar og markmið út frá námslegri stöðu og áhuga. Við skólalok eru allir nemendur boðaðir í námslokaviðtal hjá náms- og starfsráðgjöfum þar sem farið er yfir hvar nemendur eru staddir í ákvarðanatöku hvað varðar nám/störf að grunnskóla loknum. Einnig er skoðað hvort nemandi sé með raunhæfar væntingar til námsvals. Ef nemandi er enn óviss í sínu vali er forráðamönnum boðið að koma með nemanda í viðtal til náms- og starfsráðgjafa ef þurfa þykir.

Tilfærsluáætlun

Skólastjóri eða annar stjórnandi hefur yfirumsjón með þeim nemendum er koma til með að sækja um á starfsbrautum í framhaldsskóla. Stjórnandinn ásamt námsráðgjöfum kynnir fyrir foreldrum þau úrræði sem í boði eru og aðstoða nemendur við heimsóknir í skóla eins og þörf er á. Forráðamenn sjá um að kynna sér námsframboð ákveðinna skóla sem þeir telja að henti fyrir sitt barn. Forráðamenn fá upplýsingar um innritunarferlið og sjá alfarið um innritun oftast í framhaldi af viðtali við námsráðgjafa og/eða

deildarstjóra starfsbrauta viðkomandi skóla. Einnig er samvinna á milli grunn- og framhaldsskólans í fullu samráði við forráðamenn til að gera skólaskiptin auðveldari. Starfsmenn grunnskóla veita starfsfólki framhaldsskólans upplýsingar um hvaða nemendum þeir ráðleggja að sækja um á starfsbraut. Samskipti milli skólastiganna þurfa að vera góð á meðan á inntökuferlinu stendur þannig að hægt sé að bregðast við ef nemandi velur aðra leið en mælt er með.

B. Framhaldsskólanám hefst í grunnskóla

Útskrift úr grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum

Nemendur í samráði við forráðamenn geta sótt um að ljúka námskrá 9. og 10. bekkjar á einu ári og útskrifast úr grunnskóla eftir 9 ára nám. Skólastjóri og námsráðgjafar meta hverja umsókn út frá námsárangri, þroska og félagslegri stöðu viðkomandi nemanda. Ákvörðun er tekin í nánú samráði nemandans, forráðamanna og skólastjóra. Hver grunnskóli setur sér nánari verklagsreglur.

Fjölbrautaáfangar í grunnskólanum

Nemendur sem hafa lokið grunnskólanámi í ákveðnum námsgreinum geta tekið framhaldsskólaáfangi í því fagi samhliða öðru námi í grunnskólanum. Tvær leiðir eru í boði:

- A. Fjarnám við Fjölbrautaskólann í Garðabæ eða aðra framhaldsskóla. Stuðningur við nám nemandans er útfærður í hverjum skóla.
- B. Fjarnám sem valgrein innan grunnskólans. Kennsla og stuðningur við nám nemandans er útfærður í hverjum skóla.
- C. Fjölbrautaáfangi kenndur í grunnskólanum og byggður inn í stundaskrá nemandans. Í slíkum tilvikum fer öll kennsla fram á skólatíma.

Nánari skýringar á námsleiðum og verkferlum eru skilgreindar í skólanámskrá hvers skóla.

C. Útskrift úr grunnskóla

Útskrift

Dagsetning á útgáfu lokaekunnna nemenda úr grunnskóla við lok 10. bekkjar tekur mið af lokadegi innritunar í framhaldsskóla. Mikilvægt er að nemendur og forráðamenn hafi tíma til að lesa yfir einkunnir og gera athugasemdir ef þurfa þykir áður en þær eru fluttar úr námskerfi grunnskólans inn í gagnabanka framhaldsskólanna.

Nemendur fá vitnisburð sem jafnframt er vottorð um lok skyldunáms.

D. Innritunarferlið

Innritunarferli

Menntamálastofnun hefur umsjón með innritun í framhaldsskóla og sendir forráðamönnum bréf þess efnis. Þá eru veflyklar sendir í grunnskólanna og skólastjórnendur sjá um að afhenda nemendum lyklna. Námsráðgjafar senda forráðamönnum upplýsingar um forinnritun og lokainnritun þar sem ferlinu er lýst frá upphafi til enda. Vefsíðan www.menntagatt.is er kynnt fyrir forráðamönnum og nemendum og einnig er fésbókarsíða er þar sem hægt er að varpa fram spurningum til ráðgjafa.

Á heimasíðu FG www.fg.is má sjá upplýsingar um innritun í FG og tengla á hagnýtar síður.

E. Miðlun upplýsinga vegna nemenda

Farið er með upplýsingar um nemendur skv. reglugerð nr. 897/2009. Þar segir m.a.:

Skólastjóra eða öðrum sérfræðingum á vegum sveitarfélags er heimilt að miðla, að fengnu samþykki foreldris, nauðsynlegum persónuupplýsingum um einstaka nemendur til framhaldsskóla. Með samþykki er átt við upplýst samþykki samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Skólastjóri ber ábyrgð á miðlun upplýsinga um námsmat vegna flutnings milli skóla og innritunar í framhaldsskóla og að foreldrar fái vitneskju um slíkar upplýsingar.

Grunnskólinn sendir einkunnir allra nemenda inn í gagnabanka framhaldsskólanna við útskrift úr grunnskóla. Forráðamenn bera ábyrgð á að flytja allar aðrar upplýsingar milli skólastiga s.s. upplýsingar um ástundun og félagsstörf, einstaklingsnámskrár og niðurstöður greininga.

Grunnskólanum er skylt að virða varðveisluskyldu þeirra gagna sem nýtt hafa verið í skólanum. Forráðamenn hafa ávallt aðgang að þeim gögnum.

F. Samráðshópur um úrræði til að sporna við brottfalli nemenda úr framhaldsskólum

Skipan hópsins

Skóladeild Garðabæjar skipar hóp fulltrúa úr grunn- og framhaldsskólum til að fylgjast með hættunni á brottfalli nemenda yngri en 18 ára úr grunn- eða framhaldsskóla og skilgreina úrræði. Í hópnum sitja auk deildarstjóra skóladeildar námsráðgjafar úr grunnskólunum og FG, fulltrúi heilsugæslu og fulltrúi Fjölskyldusviðs. Hópurinn skal hittast á hverri önn og oftar ef þörf krefur.

Greining á áhættuþáttum í skólakerfinu

Skóladeild Garðabæjar í samstarfi við Fjölskyldusvið Garðabæjar skilgreinir leiðir til að greina og meta áhættuþætti í skólakerfinu. Slík greining er forsenda þess að hægt sé að finna nemendur sem eru í hættu á að falla frá námi og leita leiða til að koma betur til móts við þann hóp.

Greining á stöðu nemenda í framhaldsskólanum

Skimunartækið PPS sem greinir nemendur í brotthvarfshættu er lagt fyrir á haustönn á fyrsta ári í Fjölbautaskóla Garðabæjar (FG). Skimunartækið er spurningalisti sem allir nemendur á fyrsta ári svara á rafrænan hátt. Náms- og starfsráðgjafar sjá um fyrirlögn, úrvinnslu og eftirfylgni í kjölfarið.

Eftirfylgni með nemendum í brottfallshættu

Náms- og starfsráðgjafar FG reyna eftir fremsta megni að fylgjast með nemendum sem standa höllum fæti í skólanum og eru í hættu á að detta úr skóla, þeim eru veitt viðtöl. Auk þess eru nokkur „verkefni“ í gangi sem stuðla að því að draga úr hættu á brotthvarfi, þessi verkefni eru:

- Umsjónarkennarakerfið: Allir nýnemar fá umsjónarkennara sem kennir þeim lífsleikni fyrstu önnina og er síðan umsjónarkennari þeirra næstu þrjú árin. Umsjónarkennari tengist nemendum og hjálpar þeim meðal annars við námsáætlanir. Umsjónarkennari fylgist með mætingu nemenda og tekur þá í einstaklingsviðtöl einu sinni ári.
- Framhaldsskólabraut (almenn braut): Er braut fyrir nemendur sem koma með slakan námsárangur upp úr grunnskóla. Vel er haldið utan um nemendur fyrstu tvö árin í skólanum, þeim er fundið nám við hæfi, eru í undirbúningsáföngum og stuðningsáföngum. Þeim er veitt sérstök náms- og starfsráðgjöf.
- Stuðningur í íslensku: Nemendum með annað móðurmál en íslensku og nemendum sem hafa búið lengi erlendis er boðið upp stuðningsáfanga í íslensku þar sem íslenskukunnátta þeirra þjálfuð og þau fá stuðning við heimanám.
- Stuðningur við heimanám: Nemendum sem falla á önn, þ.e. ljúka færri en níu einingum er boðið í heimanámstíma þar sem þeir fá stuðning við heimavinnuna sína og geta þar með unnið hana á skólatíma undir handleiðslu kennara.
- Slök mæting: Nýnemar með slaka mætingu og námsárangur eru boðaðir ásamt foreldrum sínum í viðtal til skólameistara í lok hverrar annar þar sem nemendanum og fjölskyldu hans er gerð grein fyrir stöðunni og reynt að finna leiðir til að bæta árangur og mætingu viðkomandi. Ef viðtalið skilar ekki úrbótum í viðveru nemandans er málið tilkynnt barnaverndaryfirvöldum í Garðabæ.
- Móttaka nýnema við skólann: Haustið 2014 verður tekið upp nýtt kerfi í móttöku nýnema. Réttindi og skyldur forráðamanna, nemenda og skólans verða skilgreind og sett fram. Skólinn mun setja aukinn kraft í að fylgjast með skólasókn og námsvirkni nemenda á fyrsta ári. Mikil áhersla verður á að virkja forráðamenn betur og fá þá til að axla aukna ábyrgð á námi sinna barna.

Barnaverndaryfirvöld sem heyra undir fjölskyldusvið Garðabæjar taka við tilkynningum frá grunn- og framhaldsskólum vegna slakrar skólasóknar nemenda undir 18 ára aldri. Hver tilkynning er metin á forsendum viðkomandi einstaklings og aðgerðir/stuðningsúrræði skilgreind. Fjölskylda fær í öllum tilvikum póst um að tilkynning hafi borist.

Þróun úrræða til að sporna við brottfalli

Grunn- og framhaldsskólar í Garðabæ búa að góðu samstarfi til fjölda ára. Ætlun skólanna er að þróa það áfram og styrkja, sérstaklega með það í huga að skapa fjölbreyttari námsúrræði. Helstu áherslur eru:

- að skilgreina og þróa úrræði fyrir nemendur í námserfiðleikum og/eða skólasóknarerfiðleikum. Slík úrræði geta verið t.d. starf með skóla og styttri námsbrautir.
- að efla samstarf við skóla og aðra aðila með reynslu og sérfræðipækkingu á sviði starfsnáms, starfsfræðslu o.fl., t.d. GERT verkefnið.

G. Tengiliðir í ferlinu

Álftanesskóli, deildarstjóri eldra stigs

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, námsráðgjafar

Garðaskóli, námsráðgjafar

Sjálandsskóli, námsráðgjafi

Skóladeild, deildarstjóri

Fjölskyldusvið Garðabæjar, félagsráðgjafi

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins í Garðabæ, læknir

Lýsing á verkferlum samþykkt af öllum aðilum,
14. september 2015

Bergljót Sigurbjörnsdóttir, forstöðmaður fjölskyldusviðs Garðabæjar
Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla
Edda Björg Sigurðardóttir, skólastjóri Sjálandsskóla
Katrín Friðriksdóttir, deildarstjóri skóladeildar Garðabæjar
Kristinn Þorsteinsson, skólameistari FG
Sveinbjörn Markús Njálsson, skólastjóri Álftanesskóla